

**Alþingi**  
c/o efnahags- og viðskiptanefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 10/10/2022  
Máls nr.: 20221001204

**Efni: Umsögn um breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023.**

Vísað er umsagnarbeiðni, dags. 20. september 2022, þar sem óskað er umsagnar við breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023, sbr. þingskjal 146 – 2. mál. Með breytingartillögu er lagt til að almennur tollur í tollskrárnúmerunum 2004.1002 og 2005.2002, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2008, verði með breytingunni 0 % og 0 kr./kg.

Með umsögn Skattsins er ekki tekin afstaða til breytingartillögunnar hvað varðar fjárhæð almenns tolls. Hins vegar telur embættið ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum við breytingartillögu frumvarpsins. Bent er á að fleiri vörutegundir en franskar kartöflur tollflokast í tollskrárnúmerin 2004.1002 og 2005.2002. Hér má nefna að verði breytingartillagan samþykkt óbreytt mun almennur tollur einnig afleggjast á öllum skornum kartöflum. Þess til viðbótar er vakin athygli á að í þessi tollskrárnúmer flokkast vörur á borð við franskar kartöflur, oftast foreldaðar, ætlaðar til hitunar t.d. í ofni eða djúpsteikingarpotti og að auki flokkast þar svokallaðar rösti kartöflur sem er framreiddar á svipaðan hátt. Einnig yrði almennur tollur aflagður á gratíneraðar skornar kartöflur sem oft eru í einhverskonar sósu eða legi, oftast foreldaðar, ætlaðar til hitunar í ofni. Undir ofangreind tollskrárnúmer falla m.ö.o. allar skornar kartöflur.

Með ofangreindum ábendingum er því komið á framfæri að vörusvið breytingartillögunnar er mun rýmra en greinargerð tillögunnar vísar til. Sé hins vegar ætlun tillögunnar að fella eingöngu niður almennan toll á franskar kartöflur þyrfti að orða frumvarpið með öðrum hætti, skipta upp tollskrárnúmerum í undirliðum 2004.10 og 2005.20 upp með þeim hætt að tollskrárnúmerin rúmi eingöngu franskar kartöflur.

Telji efnahags- og viðskiptanefnd ástæðu til þess að skoða málið frekar, lýsir embættið sig reiðubúið við að leggja fram aðstoð við breytt orðalag tillögunnar og uppskiptingu tollskrár, sbr. viðauka I við tollalög.

*Virðingarfyllst,*

f. h. tollgæslustjóra.



Hörður Davíð Harðarson

yfirtollvörður tollafgreiðsludeildar

